

## **8. fundur nefndar um málefni fatlaðra var haldinn í Ráðhúsinu 27.08.2012 kl.**

### **17:30**

Mætt voru: Hanna Jónsdóttir, Hafrún Guðmundsdóttir, Margrét Ebba Ísleifsdóttir, Bogi Thorarensen, Davíð Hafsteinsson varamaður, Svanborg Siggeirsdóttir varamaður og Hafdís Bjarnadóttir sem ritaði fundargerð.

Hanna setti fund kl. 17:30 og bauð nefndarmenn velkomna.

Dagskrá:

#### 1. Staðan í dag.

- Ný Starfsstöð opnaði í dag en hún er rekin af félags- og skólaþjónustunni. Hanna Jónsdóttir hefur verið ráðin yfirmaður í Ásbyrgi í 100 % stöðu en hennar starf er nýtt af nálinni, hún sinnir áfram hluta af sínu fyrra starfi t.d. Örorkuvinnusamningum, umönnunarbótum og atvinnumálumfatlaðra. Svanhvít Sjöfn Skjaldardóttir hefur verið ráðin í hennar stað. Auk Hönnu er starfsmaður í 100 % stöðu í starfstöðinni í Ásbyrgi. Sumarþjónustan var rekin á vegum Stykkihólmsbæjar í húsinu í sumar og stóð hún ekki undir væntingum.

#### 2. Atvinnumál.

- Starfstöðin á að sinna atvinnumálum og hefur verið gengið frá örorkuvinnusamningi við póstin frá 29/8 og fram í miðjan október og er um 65% stöðu að ræða, von er bundin við að framhald geti orðið á því samstarfi. Örorkuvinnusamninga vantar fyrir 2-3 einstaklinga í dag en erfitt reynist að fá samninga.

#### 3. Önnur mál.

- Könnun var gerð meðal fatlaðra ungmenna varðandi þeirra áhugasvið og hvaða námskeið þau vildu sjá fyrir sig. Í framhaldi af því hefur Símenntunarstöðin boðið upp á listasmiðju sem verður í Snæfellsbæ þær helgar sem unglingshelgi er á Gufuskálum, samtals í 6 skipti. Umræðuhópar/kaffihúsakvöld verða einnig í boði ef næg þátttaka fæst.
- Ekki búið að ráða í x-ið en passa verður upp á að fötluðum ungmönnum verði úthlutað sínum tíma. Í fyrra voru þau 1x í viku milli 5 og 7.
- Efla þarf íþróttastarf fatlaðra og þá sérstaklega að virkja foreldara til samvinnu og samstarfs. Sund og botsía eru einstaklings íþróttagreinar sem eru tilvaldar til að taka upp. Ekki hefur tekist að ráða þjálfara fyrir hópinn.
- Ekki búið að merkja ruslatunnur í kirkjugarðinum. Brýnt að það sé gert svo nýta megí kertaafganga til kertagerðar í starfsstöðinni.
- Landsþingið verður í Sth. 12-14 okt. Búið er að finna ræðumenn héðan til að vera með erindi og unnið er að frekari skipulagningu.
- Ein umsókn um búsetu er virk en á bið og beðið er svara frá bæjaryfirvöldum með aðra umsókn.
- Mikilvægt að FSN taki upp liðveisluáfangana eins og var í boði áður, þeir krakkar skiluðu sér vel í liðveislu störf og sem starfsmenn á Gufuskálum. Hvetja stjórnendur skólans til að taka þetta upp aftur.
- Mikilvægt að tryggt verði að skipulag lengdrar viðveru sé í jafnvægi, og áður en skólastarf hefst að hausti sé ljóst með hvað hætti lengd viðvera barna í 5-10 bekk verði.
- Hafa ber í huga við skipun nefndar sem þessarar verði einn fulltrúi úr hópi fatlaðra. Einnig getur skapað vanda að formaður nefndar sé starfsmaður félags- og skólaþjónustunnar.

Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 29/10 2012 kl. 17:30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00

Bogi Thorarensen (sign.),

Davíð Hafsteinsson (sign.),

Hanna Jónsdóttir (sign.),

Hafdís Bjarnadóttir (sign.),

Hafrún Bylgja Guðmundsdóttir (sign.),

Margrét Ebba Ísleifsdóttir (sign.),

Svanborg Siggeirsdóttir (sign.).